

ilisfang, t. d. samkvæmt 8. gr. laganna, hvort líkur séu til, að gjöld þau, sem skattþegn á að greiða, hefðu orðið hærri í hreppi eða kaupstað kæranda en þar, sem kærði telur heimilisfang sitt. Loks vill rétturinn leggja áherzlu á, að það er nú upplýst, að gerðarþoli greiddi allt árið 1947 húsaleigu fyrir herbergi sitt hér á Akureyri, en í forsendum margnefnds dóms er talið, að hún hafi ekki haft á leigu húsnæði á Akureyri, er hún dvaldist í Skagafirði.

Rétturinn lítur svo á, að honum sé heimilt að taka til athugunar framangreind atriði og annað, áður en endanlegur úrskurður verður kveðinn upp í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður frávisunarkrafa gerðarþola ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Atriðið var tekið til úrskurðar 30. f. m.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. september 1950.

Nr. 1/1950. **Ákærvaldið** (Theódór B. Línal)

gegn

Jóni Þorkelssyni og Óskari Þórðarsyni

(Egill Sigurgeirsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Þórðar
Eyjólfssonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Brot gegn reglum um fjárfestingu.

Dómur Hæstaréttar.

Reglugerðarákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, eiga stoð í 5. gr. laga nr. 70/1947. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærðu. Með tilliti til þess, að hér var um litla notkun efnis og vinnu að ræða, þykir refsing hvors hinna ákærðu

hæfilega ákveðin 900 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist. Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Þorkelsson og Óskar Þórðarson, greiði hvor um sig 900 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Egils Sigurgeirssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. nóv. 1949.

Ár 1949, þriðjudaginn 22. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4509—4510/1949: Valdstjórnin gegn Jóni Þorkelssyni og Óskari Þórðarsyni, sem tekið var til dóms 17. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðu fyrir brot gegn reglugerð nr. 82 31. júlí 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Kærðir eru Jón Þorkelsson verkstjóri og Óskar Þórðarson húsasmiður, báðir til heimilis Grenimel 8, hér í bæ. Þeir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Hvorugur þeirra hefur fyrr verið kærður fyrir lagabrot.

Haustið 1948 kærði fjárhagsráð yfir því, að kærðu væru að byggja garð kringum húsið nr. 8 við Grenimel, en hús það eiga kærðu saman. Við athugun rannsóknarlögreglunnar kom í ljós, að byggingin var skammt á veg komin. Var búið að grafa niður sem undirstöðu 5 tunnur fylltar af steypu og slá upp mótum fyrir sökkul. Var síðan málinu ekki hreyft frekar, enda lofaði kærði Óskar, að garðurinn yrði ekki steypdur. Þrátt

fyrir loforð þetta steypu kærðu garðinn upp nú á s. l. vori (10. júní). Af hálfu kærðu er því haldið fram, að auglýsing sú, sem fjárhagsráð gaf út 17. sept. 1947 um bann við byggingu bílskúra og garða, hafi ekki lagagildi sakir ónógrar birtingar. Nefnd auglýsing er gefin út með heimild í 11. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947, sbr. reglugerð nr. 145 6. okt. 1948 um breytingu á þeirri reglugerð, og enda þótt hún hafi eigi verið birt í Stjórnartíðindum né Lögbirtingablaði og því ekki bindandi gagnvart manni, sem ókunnugt er um hana, á það ekki við um kærðu, sem báðir hafa viðurkennt við rannsókn málsins, að þeim hafi verið kunnugt um bann fjárhagsráðs við slíkum framkvæmdum, sem hér um ræðir.

Kærðu halda því fram, að þeir hafi notað einungis afgang af efni, sem þeir áttu eftir húsbygginguna til umræddra framkvæmda, en eigi leysir það þá heldur undan refsingu.

Ber því að ákveða kærðu refsingu samkvæmt 39. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947, og þykir refsing hvors þeirra um sig hæfilega ákveðin 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærðu, Egils Sigurgeirssonar hrl., er ákveðast kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærðu, Jón Þorkelsson og Óskar Þórðarson, greiði hvor um sig 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað hvorrar sektarinnar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Egils Sigurgeirssonar hesta-réttarlögmanns, kr. 250.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.